

FLÓRGOÐINN

FRÉTTABRÉF ÁSLANDSSKÓLA

1. tbl. 19. árgangur



ERLEND SAMSTARFSVERKEFNI Í ÁSLANDSSKÓLA FJÖGUR VERKEFNI Í GANGI Á SKÓLAÁRINU

Áslandsskóli starfar nú með erlendum samstarfsaðilum að fjórum samvinnuverkefnum. Verkefni sem þessi auka ávallt víðsýni og eru frábær endurmenntun fyrir starfsfólk. Það leiðir af sér ígrundun um starf og starfshætti, sem svo aftur leiðir af sér betri kennslu og bætt námsumhverfi nemenda.

Verkefni sem Áslandsskóla vinnur að eru:
Continuing a Culture of Learning

Strategic Partnerships for school education.

Áslandsskóli, ásamt erlendum samstarfsskólum, hefur hlotið svokallaðan KA2 Erasmus+ styrk

Verkefnið er hefðbundið samstarfsverkefni skóla og stofnanna.

Verkefnið hófst á vorönn 2019 og því lýkur árið 2021.

Þátttakendur í verkefninu eru: Áslandsskóli, St. Joseph's Comprehensive School-Port Talbot í Wales, Greenway Primary School-Cardiff í Wales, CPI de Atios-Spáni, Lieksan Keskuskoulu-Finnlandi, IES Punta Candieira-Spáni

Meginviðfangsefni verkefnisins eru nám og kennsla á 21. öldinni og hvernig skólar eru að mæta þörfum nemenda. Verkefnið er sjálfstætt framhald á samstarfsverkefninu Culture of Learning sem Áslandsskóli tók þátt í síðustu ár.

Verkefnið byggir eftirfarandi lykilþáttum:

1. Stjórnun
2. Hugmyndafræði
3. Samfélagsaðstæður
4. Stefnur og straumar í námi og kennslu

Meðal verkefna verður umræðan um að auka gæði kennslu með nemandann í forgrunni. Eðli náms og ómissandi hluta tilfinningagreindar í námi og kennslu og þarfir ólíkra einstaklinga. Þátttökuaðilar eru á breiðum grunni skólastarf og með þátttöku

aðila á háskólastigi koma þættir eins og kennaranám líka inn í umræðuna.

All through schools

Verkefnið byggir á rannsóknum á skipulagi skólalags. Megináherslan verða rannsóknir á þeim mun sem er á aldurssamsetningu nemenda í skólum. Skólum sem erum með nemendur frá 6-16 ára í samanburði við skóla sem byggja á „primary“ og „secondary“ uppbyggingu.

Verkefnið hófst á vorönn 2019 og því lýkur árið 2021.

Þátttakendur í verkefninu eru: Áslandsskóli, Háskólinn í Murcia-Spáni, Sveitarfélagið Murcia-Spáni, Fræðsluskrifstofa Murcia-Spáni, Háskólinn í Swansea-Wales, Háskóli Íslands, Fræðsluskrifstofa Swansea-Wales

Improve your basic skills through art

Verkefnið byggir á því að virkja sköpunarhæfileika nemenda og að nýta nánasta umhverfi sitt til náms og lærdóms.

Unnið er út frá Norrænni goðafræði og samþættingu samfélagsfræði, íslensku og stærðfræði við list- og verkgreinar.

Verkefnið hófst á vorönn 2019 og því lýkur árið 2021.

Þátttakendur í verkefninu eru: Áslandsskóli, Sccala Gimnaziala Nr 1 Slanic Moldova-Rúmeníu, Dwujezyczna Szkoła Podstawowa Smart School-Lodz-Póllandi

Nordplus samstarfsverkefni

Verkefnið er samstarsverkefni Randers Lille-skole og Áslandsskóla. Þema verkefnisins er stafræn miðlun og samskipti og byggir á því að nemendur frá Danmörku heimsækja Áslandsskóla á haustönn 2019 ásamt því að vinna verkefni. Nemendur sem eru í sérstakri valgrein í Áslandsskóla halda síðan til Danmerkur á vorönn 2020.



MYNDAVÉLAKERFI

ENDURNÝJUN Á ELDRI BÚNAÐI

Undanfarið misseri hefur verið unnið að uppsetningu á nýju myndavélakerfis innan skólans.

Eldra myndavélakerfi skólans var úr sér gengið og í raun barn síns tíma enda þróun ör hvað þetta varðar.

Stefnt er að því að setja upp myndavélar utanhúss með vorinu, sem er viðbót við gamla kerfið.

Strangar reglur um persónuvernd gilda um uppsetningar sem þessar og aðgengi mjög fárra starfsmanna að skoðun. Þessum reglum er að sjálfsgöðu fylgt í hvívetna.

VETRARFRÍ

& SKIPULAGSDAGUR

Um miðjan febrúar er vetrarfrí í Áslandsskóla í tvo daga.

Daginn áður nýtir starfsfólk til skipulagsstarfa.

Dagarnir sem um ræðir eru:

Miðvikudagur 19. febrúar

Skipulagsdagur

Fimmtudagur 20. febrúar

Vetrarfrí

Föstudagur 21. febrúar

Vetrarfrí



BÆTT LÝSING

MEIRI BIRTA Á SKÓLALÓÐINI

Nú nýverið var farið vandlega yfir lýsingu á skólalóð.

Farið var yfir alla lýsingu og skipt um ljósakúpla á öllum ljósum.

Það gerir það að verkum að miklu betri lýsing er nú á skólalóðinni enda nýju kúplarnir mun "opnari" en þeir sem fyrir voru.

Sannarlega vel gert og gott framtak hjá húseigendum og fyrir það erum við þakklát.

LEIÐARLJÓS

UM SKJÁTÍMA

Öll börn í Áslandsskóla hafa fengið heim með sér segul varðandi viðmið um skjátíma.

Markmið segulsins er fyrst og fremst að auka vitund fjölskyldna um skjátíma sem og að skapa umræðu innan veggja heimilisins um hver skjátími ætti að vera.

Segullinn er ekki töfralausn heldur tæki sem fjölskyldur geta notað til að mynda ramma um skjánotkun fjölskyldu-meðlima.

MYNDIR Í ÞESSUM FLÓRGOÐA

Myndefni í þessu tölublaði Flórgoðans er eftir nemendur í 9. bekkjum skólans. Myndirnar unnu nemendur í myndmennt hjá Unni Sæmundsdóttur myndmenntakennara.

Þeir nemendur sem eiga myndir í blaðinu eru: Laufey Arna, Emilía Dís, Ásdís og Elísa Anna. Þá er ofurhetjuteiknimyndasaga eftir Ara Frey.

Á baksíðu er síðan mynd úr Stíl.


OFURHETJUR

VERKEFNI Í FREYJUHEIMUM

Nemendur í 2. bekk í Freyjuheimum voru að klára mjög skemmtilegt verkefni um ofurhetjur. Enda eru margar slíkar í þessum flotta bekk.

Nemendur áttu að ímynda sér sig sjálf sem ofurhetjur og að þau hefðu ofurkraft eða hæfileika sem enginn annar hefði. Einnig þurftu þau að ákveða hvernig þau myndu nýta hæfileikana sína og hvort þau væru vondar eða góðar ofurhetjur.

Í lokin gerðu allir myndasögur með sinni ofurhetju í aðalhlutverki.



VÍSUBOTNAR

VERÐLAUNAHAFI ÚR ÁLFAHEIMUM - NÝ KEPPNI

Úrslit í vísasamkeppni grunnskólanema, Vísubotn 2019, liggja nú fyrir. Menntamálastofnun, í samstarfi við KrakkaRúv, efnir til keppninnar ár hvert í tilefni af degi íslenskrar tungu. Í keppninni spreyttu nemendur sig á því að botna fyrriparta eftir Ragnar Inga Aðalsteinnsson. Að þessu sinni bárust samtals 535 vísubotnar frá 21 skóla víðs vegar að á landinu og greinilegt að áhugi fyrir vísnaverð er fyrir hendi í mörgum grunnskólum. Frá yngsta stigi bárust samtals 256 vísubotnar, 182 frá miðstigi og 97 botnar frá unglíngastigi. Einum nemanda á hverju stigi voru veitt bókaverðlaun og viðurkenningarskjal fyrir besta vísubotninn. Á mið- og unglíngastigi var gerð krafa um ljóðstafi og rím en á yngsta stigi var fyrst og fremst hugað að rími og innihaldi.

Selma Dögg Lárusdóttir nemandi í Álfaheimum, 7.EP, átti einn besta vísubotnin í miðstigi. Til hamingju með það.

Vísubotn Selmu Daggar var svona:

Kuldinn bitur, komum út,
klæðum okkur betur.
Þá verður karlinn Kári súr
því kominn er aftur vetur.

VÍSUBOTN

Eins og fram kemur í fréttinni hér að ofan þá náði Selma Dögg Lárusdóttir nemandi í 7. bekk eftirtektarverðum árangri í keppni um besta vísubotninn á dögnum.

Við þetta vaknaði sú hugmynd að setja upp smá leik innan skólans um vísubotn.

Hér verður því kasta upp fyrri parti og nemendur og foreldrar geta skemmt sér við að botna saman í sófanum heima.

Fyrri parturinn er svona:

Áslandsskóli uppá fjalli
yfir bæinn gnæfir .

Gangi ykkur vel.



STÍLL VERÐLAUN FYRIR HEILDARÚTLIT

Stíll er árleg hönnunarkeppni á milli félagsmiðstöðva þar sem keppt er í hárgreiðslu, fördun og fatahönnun út frá ákveðnu þema. Þetta árið er þemað Disney.

Forkeppni Hafnarfjarðar var haldin 13. desember sl. og var eitt lið frá Áslandsskóla. Okkar fulltrúar voru þær Elísabet Eva Ingólfssdóttir, Ísabella Aníta Ásgeirsdóttir, Kolbrún Sara Friðriksdóttir og módelið þeirra hún Rakel Rán Hall.

Stelpurnar voru í nokkrar vikur að undirbúa sig fyrir keppnina og lögðu þær sig fram í hönnunina og skilaði það árangri þar sem þær hreptu verðlaun fyrir heildarútlit.

Þær eru nú á leið í aðalkeppni Stíls sem fer fram í Íþróttahúsinu Digranesi laugardaginn 1. febrúar. Þar munu þær keppa við aðrar félagsmiðstöðvar hvaðanæva af landinu.

Við í Áslandsskóla erum stolt af okkar stelpum og óskum þeim góðs gengis í keppninni.

LESSKILNINGUR AÐ LESA SÉR TIL GAGNS OG ÁNÆGJU

Lesskilningur skiptir miklu máli, það er að geta lesið sér til gagns og ánægju.

Þegar foreldri / forráðamaður situr með barni sínu sem er að æfa sig að lesa, þá er gott að hafa eftirfarandi að leiðarljósi.

Áður en lestur hefst:

- Skoðið forsíðuna með barninu, myndir og kaflaheiti
- Hvaða ályktun má draga af þessum upplýsingum?
- Ræðið um hvað bókin gæti fjallað

Á meðan lesið er:

- Stoppið við erfið orð, ræðið þau og veltið merkingu þeirra fyrir ykkur
- Talið um aðalatriði og aukaatriði
- Ræðið innihald textans og spyrjið barnið spurninga úr honum

Eftir að lestri lýkur:

- Dragið saman efnið með barninu
- Spyrjið opinna spurninga (hvað, hver, hvenær, hvernig, af hverju)

6 20

JANÚAR

Skipulagsdagur 6. jan
Námsmatsdagur 20. jan

4 19 20 21 26

FEBRÚAR

Foreldradagur 4. feb
Skipulagsdagur 19. feb
Vetrarfrí 20. feb
Vetrarfrí 21. feb
Öskudagur 26. feb

ÁSLANDSSKÓLI

Kríuási 1

221 Hafnarfirði

S: 585 4600

Netfang: aslandsskoli@aslandsskoli.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Flórigoðans:

LEIFUR S. GARÐARSSON

Skólastjóri